



Stúdentaráð
Háskóla Íslands
STOFNAÐ 1920

Alþingi
Erindi nr. P 127/250
komudagur 27.11.2001

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 23. nóvember 2001

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunartillögu um milliliðalaust lýðræði, 144. mál.

Virðulega Allsherjarnefnd Alþingis.

Stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um milliðalaust lýðræði og sendir hér með umsögn sína með vísan í bréf frá allsherjarnefnd Alþingis dagsett 8. nóvember 2001.

Stúdentaráð telur mikilvægt að kanna möguleika á notkun Netsins við ákvörðunartöku og ráðið er tilbúið að taka þátt í störfum þeirrar nefndar sem fjallað er um í umræddri tillögu til þingsályktunar. Stúdentaráð hefur gert tilraunir með að nýta sér Netið við ákvörðunartöku, t.d. voru stúdentar spurðir hvort þeir vildu færa prófatímabil til. Reynolds af því var mjög jákvæð þó þátttakan hefði mátt verið meiri. Líklegt er að Stúdentaráð haldi áfram að þróa slíkar aðferðir með það að markmiði að færa ákvarðanatökuna sem næst stúdentum. Háskólaumhverfið er sérstaklega vel til þess fallið að gera slíkar tilraunir því stúdentar eru móttækilegir fyrir nýjungum og allar tæknilegar forsendur til staðar.

Virðingarfyllst,

Þorvarður Tjörvi Ólafsson,
formaður Stúdentaráðs HÍ